



## Reglur

### Um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

##### Almennt

Sveitarfélögum er heimilt skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, og reglugerð nr. 1160/2005, að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatts. Skylt er sveitarstjórnnum að setja reglur um beitingu heimildanna. Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Grímsnes- og Grafningshreppi eru birtar með reglum þessum sbr. 7. gr. reglugerðar 1160/2005.

#### 2. gr.

##### Tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi er veittur afsláttur af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi sem hafa fasta búsetu og skráð lögheimili í íbúðarhúsnæði sem er þinglýst eign þeirra og:

- eru 67 ára á árinu eða eldri eða
- eru með 75% örorku eða meira við upphaf álagningarárs
- hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði

Afsláttur er eingöngu veittur af einni íbúð í eigu umsækjanda, þar sem hann hefur fasta búsetu og skráð lögheimili og skal viðkomandi íbúð vera skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá.

Afsláttur er tekjutengdur og reiknast hlutfallslega skv. ákvörðun sveitarstjórnar. Við ákvörðun um afslátt af fasteignaskatti er miðað við heildartekjur skv. tekju- og útsvarsstofni, auk fjármagnstekna nýliðins árs. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks. Lækkun fasteignaskatts er reiknuð sjálfkrafa við álagningu fasteignagjalda og byggir á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjur. Upplýsingar um afsláttinn eru birtar á álagningarseðli og upplýsingar um tekjuviðmið og þrepaskiptingu eru birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

##### Aðrir styrkir eða niðurfellingar

Ekki er um aðrar lækkanir, niðurfellingar eða styrki vegna fasteignaskatts í Grímsnes- og Grafningshreppi en þessar reglur kveða á um.

#### 4. gr.

##### Endurupptaka máls

Hægt er að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 ef ákvörðun sveitarstjóra hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beint til sveitarstjórnar innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 18. október 2023 og taka þegar gildi.